

að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár.

Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaður og annar endurskoðandi gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76, 1970 um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á verkuðum saltfiski (þorski) fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1978 annars vegar og frá 1. september til 31. desember 1978 hins vegar, og er þá átt við það tímabil, sem hinn óverkaði saltfiskur, sem til þurrkunar fer, er framleiddur á.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi grundvallarverð á verkuðum saltfiski (þorski) fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1978 annars vegar og frá 1. september til 31. desember 1978 hins vegar, og er þá átt við það tímabil, sem hinn óverkaði saltfiskur, sem til þurrkunar fer, er framleiddur á:

Tímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1978.

Especial	10/40	kr.	971.00
—	40/60	—	786.00
—	80/120	—	662.00
Miramar	10/40	kr.	790.00
—	40/60	—	579.00
—	60/80	—	541.00
—	80/120	—	479.00
Miradouro	10/40	kr.	616.00
—	40/60	—	527.00
—	60/80	—	489.00
—	80/120	—	451.00

Tímabilið frá 1. september til 31. desember 1978.

Especial	10/40	kr.	1.140.00
—	40/60	—	922.00
—	80/120	—	777.00
Miramar	10/40	kr.	926.00
—	40/60	—	678.00
—	60/80	—	635.00
—	80/120	—	562.00
Miradouro	10/40	kr.	722.00
—	40/60	—	618.00
—	60/80	—	573.00
—	80/120	—	529.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands h.f., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum, tímabilið 16. janúar 1979 til 31. desember 1983.

Akureyri — Siglufjörður — Akureyri
 Akureyri — Grímsey — Akureyri
 Akureyri — Kópasker — Akureyri
 Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri